

Ed.,

376. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. um útsvör, nr. 106 23. júní 1936.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarpið er flutt í þeim tilgangi að greiða fyrir innheimtu útsvara, en sívaxandi örðugleikar bæjarstjórna og hreppsnefnda í þessu efni horfa til vandræða. Tilgangi þessum er ætlað að ná með því, að færa innheimtuna að mjög verulegu leyti yfir á herðar kaupgreiðenda í landinu, hvort heldur þeir hafa fastlaunað fólk í þjónustu sinni eða daglaunamenn.

Að athuguðu ráði hefir nefndin fallizt á að mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt sem tilraun til úrlausnar á þessu vandamáli, með þeim breytingum, sem hún leggur til, að á því verði gerðar, sem að efni til beinast flestar í þá átt, að tryggja rétt útsvarsgreiðenda fyrir því, að haldið verði eftir af kaupum þeirra meiru fé en útsvarinu nemur eða að tekið verði útsvar af launum, sem ekki gera betur en hrökkva fyrir nauðsynlegu lífsviðurværi útsvarsgreiðanda. Nefndin hefir einnig fellt inn í frumvarpið breytingartillögu þingmanns Vestmannaeyinga, Jóhanns Jósefssonar, er varðar skyldur þeirra, er aflahlut kaupa, til að halda eftir útsvarshluta seljanda.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að menn á föstum launum og ýms fyrirtæki, nánar tilgreind í frumvarpinu, greiði útsvör sín mánaðarlega, miðað við fyrsta dag næsta mánaðar eftir að niðurlögnun hefir farið fram og allt til ársloka.

Má að þessu telja nokkurt hagræði fyrir þessa gjaldendur og líklegt, að mælist vel fyrir. Formaður nefndarinnar hefir viljað ganga feti framar. Vill hann lögfesta 10 gjalddaga á útsvörum, þannig að útsvörin greiðist mánaðarlega á 10 mánuðum frá fyrsta degi að telja hins næsta mánaðar eftir niðurlögnun.

Meiri hluti nefndarinnar hefir ekki viljað fallast á þetta, þar sem útsvarsgreiðslan mundi með því móti lenda yfir á næsta gjaldár, en hann telur brýna nauðsyn á, að lögfest sé, að útsvör skuli greidd að fullu á gjaldárinu. Hefir formaður nefndarinnar óbundnar hendur um að bera fram breytingartillögu í samræmi við skoðun sína á málinu.

Nefndinni er það ljóst, að nokkur vandkvæði munu verða á framkvæmd þessarar löggjafar í fyrstu, en þess er að vænta, er festa kemst á framkvæmdina, að nokkur bót verði ráðin á því ástandi, sem nú er, svo að allir aðilar megi vel við una.

Þá hefir nefndin gert nokkrar breytingar á frumvarpinu að formi til, sem ekki þykir ástæða til að skýra hér nánar, en gerð verður grein fyrir í framsögn.

Alþingi, 4. des. 1939.

Sigurjón Á. Ólafsson,
form.

Magnús Gíslason,
frsm.

Ingvar Pálmason,
fundaskr.